



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun

Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Húsavík, 9. janúar 2018
nr. erindis 201709068

Á 236. fundi byggðarráðs Norðurbings var auglýsing ráðuneytisins til umsókna byggðakvóta lögð fram og í framhalindu var sótt um úthlutun. Þó láiðst að tiltaka þær sérreglur sem Norðurþing óskar eftir að gildi um úthlutina á árinu 2017/2018. Þær reglur skuli vera óbreyttar frá fyrra ári og er ósk okkar sú þær verði eftirfarandi:

- a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmta 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígilisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landsaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Norðurbings

Kristján Þór Magnússon
Sveitarstjóri
Norðurþing - Húsavík